

um frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er borið fram í fjórða sinn á Alþingi. Það hefur fengið nokkuð óvenjulega meðferð á milli þinga, þar sem tvær millipinganefndir, skipaðar af iðnaðarmálaráðherrum, hafa haft málið til meðferðar, og mun það eins dæmi, að ríkisstjórn sýni máli svo lítinn áhuga, sem hún þó annars skipar í millipinganefnd, að vilja ekki sjá og taka afstöðu til álits nefndarinnar, heldur leggja fyrir hana að senda það beint til Alþingis.

Á síðasta þingi kom fram í málinu svo hljóðandi rökstudd dagskrá:

„Nedri deild Alþingis telur eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til styrktar upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi í þágu iðnaðarins, og mælir með því, að ríkisstjórnin setji fjárframlag í þessu skyni í frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár, ef slíkri starfsemi verður haldið uppi af félagssamtökum iðnaðarins. En með skírskotun til þess, að Alþingi hefur ekki sett lög um störf búnaðarmálastjóra og fiskimálastjóra, sem veita forstöðu þeim stofnunum, er annast upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnað og sjávarútveg, telur deildin ekki ástæðu til að setja lög um störf iðnaðarmálastjóra, sem félagssamtök iðnaðarins væntanlega ráða í sína þjónustu, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Málið dagaði þá uppi, og aftur skipaði iðnaðarmálaráðherra nefnd í málið. Ekki flutti hæstv. stjórn þó málið á þingi nú, og ekki það hún nefnd fyrir málið til flutnings, heldur flutti það enn á þingi sami hv. þingmaður og það hefur áður flutt. En hæstv. ríkisstjórn hefur orðið við því, sem mælt er með í dagskrártillögunni, og tekið upp í frumvarp til fjárlaga kr. 100000.00 í þessu skyni. Hins vegar er ekki vitað, að iðnaðarmenn hafi enn sameinað sig í eitt félag, eins og bændur og útgerðarmenn hafa gert. Sumir þeirra standa enn utan við þau félög, sem iðnaðarmenn annars standa að, eins og Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda o. s. frv. Enn vantar því frá hálfu iðnaðarmanna heildarskipulag í félagsskap þeirra, er nái til þeirra allra. Þetta hefur nefnd sú, er hæstv. ríkisstjórn skipaði 3. apríl 1951, fundið, og þess vegna leggur hún til, að komið verði á fót iðnaðarmálaskrifstofu, er vinni að því að auka afköst verksmiðjuiðnaðarins í landinu, og yfirstjórn þeirrar skrifstofu verði falin þriggja manna nefnd, er kallast iðnaðarmálaráð. Því ætlar hún að skipuleggja starfsemi í stórum dráttum. Starfsfé leggur hún til að það fái úr ríkissjóði, kr. 100000.00 árið 1952. Eftir þá reynslu, er fæst fyrsta árið, ætlast nefndin til, að iðnaðarmálaráð leggi fyrir ríkisstjórnina tillögur um framtíðarskipulag iðnaðarmálaskrifstofunnar.

Eftir að ríkisstjórnin hafði fengið þetta álit nefndarinnar, tekur hún áður nefndar kr. 100000.00 upp í fjárlög í þessu skyni og virðist því fallast á skoðun nefndarinnar.

Með bréfi 12. okt. 1951 var hinni síðari millipinganefnd sent frumvarpið eins og það var lagt fyrir þetta þing og beðið um álit hennar á málinu, og er það prentað með álit 1. minni hluta. Í því er nefndin enn á þeirri skoðun, að rétt sé nú að skipa iðnaðarmálaráð, en láta það svo um að skipuleggja starfið 1952 og vera það ár sem frjálsast með það, hvernig starfið verði framkvæmt. Væntanlega vona þeir þá, að á því ári heppnist að sameina að minnsta kosti alla iðnrekendur í eitt félag, sem þá sé þess umkomið að taka starfsemi uppi á fastari grundvelli með fjárlagaframlagi frá ríkinu. 2. minni hluti iðnaðarnefndar fellst á þá skoðun millipinganefndarinnar, að rétt sé, að nefnd sú, er skipuð verður af hæstv. ríkisstjórn til að veita iðnaðarmálaskrifstofunni forstöðu fyrsta árið, hafi sem frjálsastar hendur til að starfa, og leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin skipi nefnd, er starfræki iðnaðarmálaskrifstofu árið 1952 og veiti iðnrekendum þær tæknilegar leiðbeiningar, er þeir óska, og vinni annars að eflingu iðnrekstrar í landinu, og að til þessa starfs verði veitt fé á fjárlögum 1952, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. nóv. 1951.

Páll Zóphóniasson,
frsm.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
fundaskr.